

**Borgarstjórn**  
**17. september 2019**

## **Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um fjölmenningsborgina Reykjavík**

Borgarstjórn samþykkir að birta svohljóðandi yfirlýsingu um Fjölmenningsborgina Reykjavík í samræmi við þátttöku borgarinnar í verkefninu „Intercultural Cities“:

Reykjavík er fjölmenningsborg.

Við fögnum fjölbreytileika, jafnrétti, samskiptum og þátttöku allra.

Við erum stolt af því að vera borg þar sem margir menningarheimar mætast.

Við erum stolt af því hve langt við höfum náð í því að setja upp kynjagleraugun eða hinsegin gleraugun. Nú nýtum við okkur þessa reynslu og setjum upp fjölmenningsgleraugun á sama hátt.

Við hvetjum önnur sveitarfélög og ríkið að taka þátt í þessari vegferð.

Við viljum að innflytjendur geti verið virkir þátttakendur í samfélaginu með aðgang að öllu sem borgin hefur fram að færa og að þeir þekki réttindi sín.

Við tryggjum að fjölmenningsleg gildi endurspeglast í allri stefnumótun sem og þjónustu borgarinnar.

Við erum þakklát fyrir framlag innflytjenda í borgarlífinu.

Við viljum gera þessu jákvæða framlagi innflytjenda hærra undir höfði.

Við gerum okkur grein fyrir að fjölbreytileiki er undirstaða jákvæðrar þróunar. Þegar hver og einn fær tækifæri að njóta hæfileika sinna og sköpunarkrafta til fulls, þá græðum við öll á því.

### **Greinargerð:**

Reykjavíkurborg hefur verið aðili að stuðningsnetinu Intercultural Cities, sem heyrir undir Evrópuráðið, síðan 2014.

Markmið verkefnisins er að styðja borgir í að þróa aðferðir til að takast á við fjölbreytni í fjölmenningsarsamfélagi og stuðla að aukinni þátttöku innflytjenda og minnihlutahópa. Þátttökuborgir fá aðstoð alþjóðlegra sérfræðinga til þess að greina stefnur og stjórnumarhætti borganna út frá fjölmenningslegu sjónarhorni.

Aðalmarkmið verkefnisins er skuldbinding til að fagna fjölbreytileika og að sýna vilja til að gera betur í málefnum innflytjenda.

Til að fjölmenningsleg aðlögun geti átt sér stað þurfa borgaryfirvöld að senda frá sér skýra og áberandi tilkynningu þar sem lögð er áhersla á skuldbindingu sína við fjölmenningu, þ.e. fjölbreytni, jafnrétti og samspil. Mikilvægast er að meirihluti kjörinna fulltrúa og embættismanna hafi skýran skilning á skuldbindingunni og hvaða merkingu hún hefur fyrir stefnumótun og þjónustu þeirra. Borgaryfirvöld þurfa einnig að hefja ferli þar sem þau tileinka sér meginatriði fjölmennings og innleiða þau í allar stefnur og aðgerðir.

Þann 19. ágúst á 22.fundi lagði fjölmenningsráð fram svohljóðandi bókun:

„Fjölmenningsráð hvetur borgarstjórn Reykjavíkur að senda frá sér skýra og áberandi yfirlýsingu þar sem lögð er áhersla á skuldbindingu borgarinnar við fjölmenningu, þ.e. fjölbreytni, jafnrétti og samleik í borgarsamfélaginu. Í Reykjavík búa nú um 21 þúsund íbúar af erlendum uppruna og fer þeim sífellt fjölgandi. Mikilvægt er að Reykjavíkurborg sýni með afgerandi hætti stuðning sinn við fjölbreytni í borginni.“